

**Ed.**

**277. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

**1. gr.**

Aftan við 3. gr. laganna bætist ný málgr., svo hljóðandi:  
Skuldabréfin eru þó eigi gildur gjaldeyrir fyrir rikissjóð eða ríkisstofnanir, banka, sparisjóði, bæjar- eða sýslufélög til þess að greiða með skuldir sínar.

**2. gr.**

Á eftir 19. gr. laganna komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi, og breytist greinatala laganna eftir því:

- a. (20. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, 4. nóv. 1887, er lántakanda rétt að veðsetja Kreppulánasjóði einu nafni tiltekna flokka búfjár síns, er hann á eða eignast kann, og gengur veð sjóðsins fyrir öllum síðari veðsetningum búfjár eða einstakra gripa. Sama gildir um veðsetning fódurbirgða, sem veðsali kann að eiga á hverjum tíma handa veðsettu búfé.

Heimilt er og að veðsetja Kreppulánasjóði í einu lagi öll búsgögn innan húss og utan, án sérstakrar sundurliðunar, og jafnt það, er veðsetjandi á þegar veðsetning fer fram, og það, er hann síðar kann að eignast.

- b. (21. gr.) Nú flytur veðsali í aðra þinghá eftir að skuldabréf hefir verið þinglesið, og heldur sjóðurinn þá veði sínu, þótt skuldabréfið sé eigi þinglesið á ný í þeirri þinghá, sem veðsali flutti í.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.